

Nr. 1018

14. nóvember 2013

## AUGLÝSING um breytingu á deiliskipulagi lóðarinna Leirvogstungu 22, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur þann 29. ágúst 2013 í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Leirvogstungu varðandi lóðina Leirvogstungu 22. Tillagan var grenndarkynnt 1. júlí til 31. júlí 2013 og bárust ekki athugasemdir.

Breytingar felast í breyttri lögun aðalbyggingarreits, nýjum byggingarreit fyrir bílskúr á neðri hæð og færslu bílastæða. Núverandi bílskúr, sem er utan byggingarreits, verði fjarlægður en að öðru leyti geti núverandi hús staðið áfram.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Mosfellsbæjar, 14. nóvember 2013,*

**Finnur Birgisson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 18. nóvember 2013